

Freyr Ólafsson

Áhugi minn á að ávaxta mitt pund kviknaði fyrst er ég eignaðist digran sjóð vorið 1988. Úttroðið umslag af fermingarpeningum, sveitapiltsins draumur hafði orðið að veruleika! Tókst mér eftir snarpar samningarviðræður við móður mína að landa lánasamningi á kjörum sem við vorum bæði sátt við. Má segja að ákveðnum hápunkti hafi verið náð í mínum ferli við sjóðsstýringu strax þarna fermingarvorið, en áhuginn á að sjá sjóð vaxa er enn til staðar, hvert sem umfang hans er.

Síðan lánasamningurinn rann sitt skeið hef ég víða komið við í félagsstörfum og fellur vel að vinna sem fulltrúi fjöldans, líkt og sjóðsfélaga í Lífsverk lífeyrissjóði. Mest hef ég starfað að félagsmálum innan skólakerfis og íþróttahreyfingar og er nú formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

Eftir feril við þjálfun og íþróttakennslu settist ég á skólabekk við HÍ, þaðan útskrifaðist ég sem tölvunarfræðingur frá verkfræðideild skólans haustið 2000. Við fyrstu skref mín inn á vinnumarkaðinn fékk ég að heyra að besti lífeyrissjóðurinn væri Lífeyrissjóður verkfræðinga. Hef ég verið sjóðsfélagi þar síðan, í gegnum súrt og sætt.

Nú rek ég mín eigin fyrirtæki, Limru ehf fasteignafélag og Stöku ehf stjórnendaráðgjöf. Í stjórnendaráðgjöfinni byggji ég meðal annars á reynslu minni sem stjórnandi í nýsköpunarfyrirtækjum hér heima sem erlendis til um fimmten ára. Þá reynslu tel ég sömuleiðis góðan grunn fyrir stjórnarstörf.

Nú telst ég nokkuð nærri miðjum ferli á vinnumarkaði. Tel ég mig því nú vera til í slaginn, með drifkraft, reynslu og hæfilega mörg grá hár til þess að eiga erindi í stjórn Lífsverk. Ég vil vinna að því að treysta Lífsverk sem fyrirmyndar sjóð, skynsamlega rekinn og áhugaverðan lífeyrissjóð sem nær árangri, fyrir okkur öll!

***Treystum Lífsverk sem fyrirmyndar lífeyrissjóð,
skynsamlega rekinn sjóð sem nær topp árangri!***



> Hver er Freyr Ólafsson?

Freyr Ólafsson er fjörtíu og þriggja ára fjögurra barna faðir, íþrótt- og félagsmálamaður úr sveit, reynslumikill stjórnandi og nú stjórnendaráðgjafi sem leggur mikið upp úr skynsamlegum rekstri, einfaldleika og skilvirkni sem má byggja á byltingu í tækni.

> Menntun

- Stúdent frá ML - 1994
- Íþróttakennari frá ÍKÍ - 1996
- Tölvunarfræðingur frá HÍ - 2000

> Reynsla

- Íþróttþjálfun og kennsla - MR/Ármann o.fl. - Reykjavík - 1996 til 1998
- Forritun & verkefnastjórnun - Maskina ehf - Reykjavík - 2000 til 2006
- CTO - Vyke C. PLC - Reykjavík / Oslo / London - 2006 til 2010
- CTO & COO - Handpoint - Kópavogur - 2011 til 2015
- Eigandi - Limra ehf, fasteignafélag - Reykjavík - 2007 til 2018
- Eigandi - Staka ehf, stjórnendaráðgjöf - Reykjavík 2015 til 2018



freyr@stakaconsulting.com